

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar <b>106. stjórnarfundur haldinn 21. mars 2017</b> <b>Einhleypingi 1, Fellabæ kl. 8:00-17:30</b>	Síða 1 af 4	
Dags. fundar 21. mars 2017	Tími 8:00	Staður Einhleypingi 1, Fellabæ	Nr. Fundar 106
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 21.03.17	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Guðrún Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Sigmundur Einarsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Snorri Ingimarsson, Vilhjálmur Vilhjálmsson, Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri og Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri.  Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Guðmundur Hörður Guðmundsson			

Dagskrá:

- 1.Samþykki dagskrár
- 2.Fundargerðir svæðisráða
3. Fjármál
  - Rekstrarniðurstaða 2016 – drög
  - Rekstraráætlun 2017; heild, svæði og svið
  - Framkvæmdaáætlun 2017
  - Gjaldskrá Vjþ
  - Gjaldtaka – bílastæði og önnur gjaldtaka
  - Launagreiðslur stjórnar
4. Reglur stjórnar / lögmaður stjórnar
5. Reglugerð Vjþ.
6. Atvinnustefna Vjþ og samningsdrög
7. Nýr sérfræðingur á Höfn í ArcInfo.
8. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri
9. Jökulsárlón
10. Virkjun í Svartá/Drekagilsá
11. Viðræður við ferðafélög
12. Funda og skjalakerfi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs
13. UNESCO-vottun
14. Opnun skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs
15. Önnur mál

## Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

- Þverá

-Veghald í Vatnajökulsþjóðgarði sbr. Bókun svæðisráðs Austursvæðis

### 16. Næsti stjórnarfundur

**1.Samþykki dagskrár.** Formaður fór yfir dagskrá og bar undir fundarmenn. Dagskrá samþykkt án athugasemda.

### **2.Fundargerðir svæðisráða**

Formaður svæðisráðs á austursvæði gerði grein fyrir fundargerðum frá 81. og 82. Fundi svæðisráðs. Hún ræddi um bókun svæðisráðs varðandi veghald í þjóðgarðinum. Jafnframt ræddi hún bókanir svæðisráðs á fundi 82 varðandi niðurskurð í rekstri.

Formaður svæðisráðs á norðursvæði gerði grein fyrir 45. fundi svæðisráðs um rekstur og bókun svæðisráðs varðandi rekstraráætlun næsta árs, vetrarþjónustu við Dettifoss og heilsársöfnun Gljúfrastofu. Formaður gagnrýndi einnig vinnulag við rekstraráætlun.

Varaformaður svæðisráðs á vestursvæði gerði grein fyrir fundi svæðisráðs á vestursvæði um rekstur. Svæðisráð samþykkti rekstraráætlun ársins með fyrirvara um að rauntölur fyrir 2016 væru áreiðanlegar. Hún ræddi einnig auglýsingu á starfi þjóðgarðsvarðar á vestursvæði.

Formaður svæðisráðs á suðursvæði gerði grein fyrir fundargerð 50. fundar svæðisráðs á suðursvæði. Hann tók undir gagnrýni á vinnu við rekstraráætlun ársins og kallaði eftir markvissari vinnubrögðum.

Vilhjálmur Vilhjálmsson mætti til fundar kl. 9:10

### **3. Fjármál**

Rekstrarniðurstaða 2016 – drög

Fjármálastjóri gerði grein fyrir drögum að ársreikningi 2016. Í ljósi rekstrarniðurtöðu fyrir árið 2016 lýsir stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs áhyggjum sínum vegna fjárveitinga til þjóðgarðsins á yfirstandandi ári. Um er að ræða niðurskurð upp á 30 milljónir til rekstrar.

Rekstraráætlun 2017; heild, svæði og svið

Fjármálastjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun skrifstofu, stjórnar og svæða.

Framkvæmdastjóra er falið að vinna með þjóðgarðsvörðum mat á vinnuafspörf í þjóðgarðinum og nýtt verklag við áætlanagerð. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir næsta fund verkáætlun fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2018 og tillögu að verklagi til frambúðar.

Framkvæmdaáætlun 2017

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmdaáætlun ársins. Þar vegur þýngst vinna við gestastofu á Kirkjubæjarklaustri, en stefnt er að því að hönnunarvinnu ljúki í sumar og framkvæmdir geti hafist í lok október. Sérframlag upp á 125 milljónir eru í þetta verkefni á árinu.

Framkvæmdastjóri fór yfir lista með stærri framkvæmdum á árinu. Þar á meðal eru framkvæmdir við Dettifoss, Vikraborgir, Snæfell, Skaftafell, Kolgrímu og Tjarnargíg. Um er að ræða vatnssalernis og þurrsalernisaðstöðu, göngustíga, þjónustuhús, bílastæði, göngubrú og útsýnisvall.

Alls er gert ráð fyrir framkvæmdum upp á 427,5 milljónir á árinu. Þar af eru á fjárlögum 117,5 milljónir auk sérframlags til gestastofu uppá 125 milljónir. Úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða er gert ráð fyrir heildarframlagi uppá 185 milljónum með framlagi þessa árs.

Stjórn samþykkir framlagða framkvæmdaáætlun.

Hlé gert á þessum lið og honum frestað þar til síðar á fundinum.

### **13. UNESCO**

Til fundarins mættu gestir: Sigurður Þráinsson frá umhverfisráðuneytinu, Ragnheiður Þórarinsdóttir frá mennta og menningarmálaráðuneytinu sem ásamt formanni stjórnar starfa í undirbúningshóp á vegum ráðuneytisins að tilnefningu þjóðgarðsins til UNESCO og Snorri Baldursson starfsmaður verkefnisins. Auk þess mættu til fundar þjóðgarðsverðir af

## **Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar**

rekstrarsvæðunum fjórum, Þórveig Jóhannsdóttir starfsmaður á austursvæði, Helga Árnadóttir starfsmaður á suðursvæði, Jóna Björk Jónsdóttir starfsmaður á vestursvæði.

Formaður bauð gesti velkomna og gaf Ragnheiði orðið.

Ragnheiður kynnti vinnu við tilnefningu þjóðgarðsins og forsögu tilnefningar á Íslandi. Sigurður tók síðan við og lýsti vinnu við verkefnið. Gert er ráð fyrir að tilnefningin verði tilbúin í janúar 2018. Sigurður ítrekaði mikilvægi þess að tilnefningin sé unnin í samráði við þjóðgarðsverði, starfsmenn svæða og svæðisráð. Jafnframt er kapp lagt á gott samstarf við sveitarstjórnir. Snorri Baldursson fór yfir meginrökstuðning við verkefnið og sagði frá því sem er framundan. Fyrirhugað er frekari kynning á umsóknarferlinu og stöðu vinnunnar til sveitarstjórna og íbúa á svæðunum.

### **14. Opnun skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs**

Skrifstofa þjóðgarðsins við Einhleyping 1 í Fellabæ er opnuð af Björt Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra. Viðstaddir voru sveitarstjórnarmenn, þjóðgarðsverðir og aðrir gestir.

Fundur með svæðisráði austursvæðis kl. 13:00

Óli Halldórsson yfirgaf fundinn kl. 13:30

Fundi með svæðisráði lýkur kl. 13:50

### **3. Fjármál - framhald**

Gjaldskrá Vjb.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að gjaldskrá fyrir þjóðgarðinn.

Framlögð gjaldskrá samþykkt fyrir aðra hluti en þá sem snýr að bílastæðum og íshellum.

Stjórn óskar eftir drögum að samningum við verktaka vegna bílastæða og drögum að öðrum samningum er leiða til gjaldtöku.

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að gjaldtöku við bílastæði við Jökulsárlón. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu í samráði við Glámu Kím sem unnu gildandi deiliskipulag á svæðinu.

Laun stjórnar

Stjórn leggur til að greiddar verði fjórar stundir fyrir undirbúning fyrir hvern stjórnarfund, auk fundartíma.

### **4. Reglur stjórnar / lögmaður stjórnar**

Formaður leggur fram drög að starfsreglum stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Formaður fylgir eftir athugasemdum stjórnar um framlögð drög. Formaður kynnir hugmyndina um lögmann stjórnar, sem gætir hagsmunum stjórnar í málum. Reglur stjórnar verða afgreiddar á næsta stjórnarfund. Stefnt er að því að gerðar verði reglur fyrir svæðisráð.

### **5. Reglugerð Vjb.**

Stjórn óskar eftir ramma um reglugerð sem unnin hefur verið af Lögmannsstofunni Lex og Alta. Framkvæmdastjóri sendir ramann á stjórn. Frestað.

### **6. Atvinnustefna Vjb og samningsdrög**

Beiðnir um samninga vegna atvinnureksturs inni í þjóðgarðinum hafa borist svæðisráðum. Stjórn óskar eftir að beiðnir um samninga vegna atvinnureksturs í þjóðgarðinum berist framkvæmdastjóra og framkvæmdastjóri svari þeim beiðnum. Frekari umræðu frestað, þar sem reglugerð liggur ekki fyrir.

### **7. Nýr sérfræðingur á Höfn í ArcInfo**

Sérfræðingur í ArcInfo sem haldi utan um landfræðileg gögn. Hugmyndin er að leita samstarfs við aðrar stofnanir um þetta verkefni. Stjórn samþykkir að formaður stjórnar skoði málið áfram.

## **Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar**

Ruth Magnúsdóttir yfirlit fundinn kl 17:00

### **8. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri**

Framkvæmdarstjóri upplýsti að hönnun er í fullum gangi, stefnt að fyrstu skóflustungu að framkvæmdum 7. október 2017.

### **9. Jökulsárlón**

Stjórn stofnar þriggja manna starfshóp til þess að hafa yfirumsjón næstur skrefum til uppbyggingar á svæðinu. Stjórn skipar Björn Inga Jónsson, Vilhjálm Árnason og Þórh Ólafsson í nefndina.

### **10. Virkjun í Svartá/Drekagilár**

Framkvæmdarstjóri fór yfir stöðu mála. Hugmyndir um hvort mögulegt væri að fara í orkuöflun sem nýst gæti bæði endurvarpsstöð á Vaðöldu og Dreka svæðinu. Stjórn vísar málinu til umfjöllunar í svæðisráði norðursvæðis.

### **11. Viðræður við ferðafélög**

Framkvæmdarstjóri upplýsti um viðræðu við ferðafélög. Búið er að ganga frá samningi við Ferðafélag Fljótaldalshéraðs og Húsavíkur með sama hætti og á síðasta ári með vísitölubótum. Unnið er að samningi við Ferðafélaga Akureyrar og er unnið að sambærilegum samningi og á síðasta ári. Viðræður er við Ferðafélag Íslands vegna aðstöðu í Nýadal um samstarf vegna þess svæðis. Fulltrúi útivistarsamtaka benti á að þeir sem ferðast um hálendið að vetri telja mikilvægt að í Nýadal verði gistimöguleiki að vetri til.

### **12. Funda og skjalakerfi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs**

Formaður upplýsti að fjárfest hefur verið í skjalavistunarkerfi frá One System.

### **13. UNESCO-vottun.** (Tekið fyrir fyrr á fundinum.)

### **14. Opnun skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.** (Tekið fyrir fyrr á fundinum.)

### **15. Önnur mál**

- Þverá. Framkvæmdarstjóri fór yfir stöðu mála. Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdarstjóra að ganga frá leigusamningi út árið 2017 á grunni framkominna gagna.
- Veghald í Vatnajökulsþjóðgarði sbr. bókun svæðisráðs austursvæðis frá 81. fundi. Vísað til umfjöllunar á fundi stjórnar með svæðisráði (83. fundur svæðisráðs á austursvæði 21.03.2017).
- Dreki. Formaður ræddi um nauðsyn að koma upp kynningarmiðstöð inni Dreka. Stjórn samþykkti að hús sem staðsett hefur verið í Möðrudal verði flutt inn í Dreka um leið og opnast inn á svæðið.

### **16. næsti stjórnarfundur**

Næsti stjórnarfundur verður á norðursvæði 5. apríl í Mývatnsveit.

Fundi slitið kl. 17:30

#### **Verkefni ákveðin á fundinum:**

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			